

Tillögur aðildarfélaganna til búnaðarþings 2020 sem vísað er til fagnefndar þingsins.

1. Tillaga frá Búnaðarsamtökum Vesturlands, Búnaðarsambandi Kjalarnesþings og Búnaðarsambandi Vestfjarða.

Efni: Vísinda og rannsóknarstarf í landbúnaði

Markmið

Að styrkja samkeppnishæfni íslensks landbúnaðar með öflugra vísinda- mennta- og rannsóknastarfi í greininni. Ályktun búnaðarþings 2018 um sama efni er ítrekuð, sem og ályktanir búnaðarþings 2015 og 2016 um landbúnaðarháskóla.

Leiðir

- Kortlagt verði hvar þörfin er mest á rannsóknna og þróunarstarfi í þágu íslensks landbúnaðar
- Landbúnaðarháskólunum í landinu verði tryggt nægilegt fjármagn til að starfrækja öflugt rannsóknastarf. Áhersla verði lögð á hagnýtar landbúnaðarrannsóknir.
- Að búa til fleiri hvata fyrir nemendur til að afla sér framhaldsmenntunar á sviði landbúnaðar, einkum þeim sviðum þar sem þörfin er metin mest á rannsóknna- og þróunarstarfi.
- Að komið verði á sérstökum vísindasjóði landbúnaðarins til þess að efla rannsóknna- og þróunarstarf. Unnið verði að fjármögnun í samvinnu samtaka bænda, stjórnvalda og fyrirtækja í landbúnaði. Umsýsla sjóðsins verði í höndum Framleiðnisjóðs landbúnaðarins.

Framgangur

Stjórnn BÍ er falið að vinna málunum framgang.

Greinargerð

Íslenskur landbúnaður stendur frammi fyrir mörgum áskorunum. Stóraukinn innflutningur á landbúnaðarafurðum er staðreynd og miklar áskoranir fram undan í umhverfismálum. Ef innlend matvælaframleiðsla á að halda velli undir merkjum gæða, dýravelferðar og sáttar við umhverfið þarf að stórúka fjármagn til landbúnaðarrannsókna og þróunarstarfs.

2. Tillaga frá Samtökum ungra bænda

Efni: Rannsóknarstarf í landbúnaði

Aðalfundur Samtaka ungra bænda, haldinn í Varmalandi 17.-18. janúar 2020 skorar á Bændasamtökin að móta reglur sem fela í sér að bændur greiði árlega til rannsókna í íslenskum landbúnaði út frá búgrein og veltu bú. Mikilvægt er að efla rannsóknarstarf í landbúnaði og tilraunastarf á búum eins og t.d. hefur verið starfrækt á Stóra-Ármóti.

3. Tillaga frá Búnaðarsamtökum Vesturlands, Búnaðarsambandi Kjalarnesþings og Búnaðarsambandi Vestfjarða.

Efni: Mótmæli við fyrirhugaðri niðurlagningu Framleiðnisjóðs.

Búnaðarþing 2020 mótmælir harðlega fyrirhugaðri niðurlagningu Framleiðnisjóðs landbúnaðarins.

Greinargerð

Framleiðnisjóður er nýsköpunar- og framfarasjóður greinarinnar. Hann hefur styrkt hagnýt rannsóknar- og þróunarverkefni af ýmsum toga ásamt stuðningi við fræðslumál og verkefni á vegum bænda er lúta að nýsköpun og þróun á bújörðum. Fjármunir til Framleiðnisjóðs koma að nær öllu leiti í gegn um rammasamning BÍ og ríkis og gildir sá samningur til ársins 2026. Á þeim tíma getur ríkið hvorki tekið einhliða ákvörðun um að leggja sjóðinn niður né heldur ákveðið að finna þessum þróunarfjármunum nýjan farveg .

Með sameiningu Framleiðnisjóðs og AVS er hætt á að þar hverfi frá landbúnaðargeiranum stuðningur sjóðsins við fjölmörg verkefni sem eru liður í að styrkja byggð vítt um landið en falla ekki beint undir matvælaframleiðslu í þröngri skilgreiningu.

Hugmyndir að þessari breytingu, þ.e. sameiningu Framleiðnisjóðs og AVS hafa ekki verið ræddar við BÍ.